

## „Að vera betur í sveit settur“

Um breytingar á sértækri félagsþjónustu fyrir fatlað fólk

### FORSAGA

Saga skipulagðrar þjónustu við fólk með þroskahömlun er ekki löng á Íslandi. Upphaf hennar má rekja til fjórða áratugar síðustu aldar. Fyrstu áratugina var þjónustan einvörðungu stofnanamiðuð eins og glögg kemur fram í heiti laga frá þeim tíma, t.d. lög um fávítahæli frá árinu 1936 og lög um fávítastofnanir frá árinu 1967 (Lög um fávítahæli nr. 18/1936; Lög um fávítastofnanir nr. 53/1967).

Áherslubreytinga verður síðan vart um miðjan áttunda áratug síðustu aldar, m.a. með stofnun Landssamtakanna Þroskahjálpar árið 1976. Frá þeim tíma hefur verið lögð aukin áhersla á að tryggja fólki með þroskahömlun jafnrétti á við aðra í stað þeirrar ofuráherslu á uppbyggingu sértækra stofnanaúrræða sem áður hafði gætt.

Í fyrstu lögum Landssamtakanna Þroskahjálpar stendur að tilgangur samtakanna sé „að berjast fyrir réttindum og vinna að málefnum þroskaheftra í landinu og tryggja þeim fulla jafnréttisstöðu á við aðra í samfélaginu“ (Landssamtökin Þroskahjálpar, 1978). Tilurð samtakanna varð m.a. til þess að stofnaður var starfshópur sem vann tillögur að nýjum lögum, lögum um aðstoð við þroskahefta (Lög um um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979; Margrét Margeirsdóttir, 2001). Með tilkomu þeirra laga var í raun breytt um áherslu frá því að þjónustan skyldi vera miðlæg og stofnanatengd í það að hún yrði dreifð og hugsuð að hluta til sem nærþjónusta sem veitt er og stjórnað í því umhverfi þar sem einstaklingurinn á sínar rætur.

Með lögum um aðstoð við þroskahefta frá árinu 1979 var hafin uppbygging á úrræðum fyrir fólk með þroskahömlun vítt og breytt um landið. Að margra mati var með lögum þessum stigið eitt stærsta framfaraskref fyrir þennan þjóðfélagshóp sem stigið hefur verið á Íslandi. Landinu var skipt upp í átta þjónustusvæði og var gert ráð fyrir nokkrum áhrifum heimamanna á stjórn og uppbyggingu þjónustunnar í gegnum svokallaðar svæðisstjórnir, þó fjármagn kæmi allt úr ríkissjóði.

Með tilurð laga um málefni fatlaðra árið 1983 og breytingum á þeim lögum síðar urðu áhrif heimamanna á framkvæmd laganna minni, m.a. við þá breytingu að svæðisstjórnnum var breytt í svæðisráð með takmarkaðra hlutverk. Samhliða þessu var farið að ræða um að

færa afmörkuð verkefni og/eða flest málavíð laganna yfir til sveitarfélaga (Lög um málefni fatlaðra, 41/1983).

Í lögum um málefni fatlaðs fólks frá árinu 1992 er tilgreint eftirfarandi ákvæði um hlutverk svæðisráða: „Að hafa frumkvæði að aukinni ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra“ (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, 6. gr., 5. liður). Jafnframt var í þeim lögum svohljóðandi ákvæði: „Svæðisráð skal eiga frumkvæði að því að unnið sé að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða að öllu leyti“ (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, 13. gr.). Í ákvæðum til bráðabirgða er síðan fjallað um endurskoðun laganna innan fjögurra ára „með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga“ og jafnframt kemur fram að „félagsmálaráðherra skal eftir gildistöku þessara laga gera ráðstafanir til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og skipa verkefnastjórn/stjórnir í því skyni.“

Um miðjan tíunda áratug síðustu aldar var síðan ráðgert að meirihluti fatlaðs fólks sem nyti þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks frá 1992 fengi þjónustu frá sínu sveitarfélagi með samningi ríkis og sveitarfélaga um „reynslusveitarfélög“ (Lög um reynslusveitarfélög nr. 82/1994). Minna varð þó úr þessari tilfærslu en efni stóðu til. Ekki náðist samkomulag á milli ríkis og Reykjavíkurborgar um fjármagn og Reykjavíkurborg féll því frá fyrri ákvörðun um yfirtöku. Sveitarfélög eins og Vestmannaeyjar, Hornafjörður, Akureyri (fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð) og sveitarfélög í Þingeyjarsýslum sameiginlega tóku hins vegar yfir þessa þjónustu á þessum tíma. Síðar tóku sveitarfélög á Norðurlandi vestra yfir þessa þjónustu og stofnuðu til þess byggðasamlag þar sem öll sveitarfélög á svæðinu sameinuðust um skipulag þjónustunnar.

Eins og fram kom hér að framan var nokkur hugur í mönnum á tíunda áratug síðustu aldar og var stefnan tekin á að færa ákvæði laga um málefni fatlaðs fólks að langmestu leyti inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frumvarp um slíkt var lagt fram á Alþingi af þáverandi félagsmálaráðherra eftir ítarlega vinnu en dregið til baka á vordögum 2001 vegna deilna ráðherra og sveitarfélaga um afgreiðslu laga um tekjustofna (Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, 1999–2000).

Í kjölfarið varð nokkurt hlé á þessari umræðu eða allar götur til ársins 2007. Það ár var lögð fram stefnumörkun í verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem sú sértæka félagsþjónusta við fatlað fólk sem fellur undir lög um málefni fatlaðra var talin framtíðarverkefni sveitarfélaga (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Í framhaldinu voru skipaðar viðræðunefndir um framkvæmdina. Þann 13. mars 2009 undirrituðu síðan ráðherrar félags-, sveitarstjórna- og fjármála auk formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga viljayfirlýsingu um flutning þjónustunnar yfir til sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2011 (Félagsmálaráðuneytið, 2009).

## LÖG UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS: RÉTTNEFNI EÐA VILLULJÓS?

Lög um málefni fatlaðs fólks eru að stofni til frá 1983 með endurskoðun árin 1992 og minni háttar lagfæringum á árinu 1996 og endurskoðun 2010. Margt í hugmyndafræði þeirra má þó rekja til laganna um aðstoð við þroskahefta frá árinu 1979.

Það má halda því fram með rökum að heiti laganna sé villandi þar sem fráleitt er að þar sé fjallað um öll málefni fatlaðs fólks og ekki eiga heldur allir þeir sem fatlaðir geta talist rétt skv. lögnum. Fyrst og fremst tryggja lögin þjónustu þeim til handa sem þurfa mikla og sértæka félagsþjónustu.

Þess má geta að sænsku lögin (LSS-lögin), sem svipar um margt til íslensku laganna, m.a. hvað varðar markmiðsgrein og verksvið, heita, í íslenskri þýðingu, Lög um stuðning og þjónustu við afmarkaðan hóp fatlaðra (Lag om stöd och service til vissa funktionshindrade nr. 387/1993). Um margt væri það réttara nafn á íslensku lögnum einnig.

Í 7. grein laga um málefni fatlaðs fólks frá 1992 er eftirfarandi ákvæði:

Fatlaðir skulu eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Reynist þjónustubörf hins fatlaða meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hinn fatlaði fá þjónustu samkvæmt lögum þessum. (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992)

Lög sem hafa slík ákvæði, þ.e. að þau eigi fyrst og fremst að gagnast einstaklingum þegar ákvæði almennari laga fullnægja ekki þörfum notandans hafa stundum verið kölluð plús (+) lög. Í reynd hefur, hvað varðar stór þjónustusvið eins og búsetuþjónustu, verið óljóst hvernig þessi sameiginlega ábyrgð og réttindi eru, þ.e. annars vegar eftir almennum lögum eins og lögum um félagsþjónustu (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991), þar sem er að finna heilan kafla um þjónustu við fatlað fólk, og hins vegar samkvæmt sértækari plús-lögum. Reyndin virtist vera að annaðhvort höfðu einstaklingar allan sinn rétt samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks (þeir sem þurfa mikla þjónustu) eða félagsþjónustulögum (þeir sem þurfa litla þjónustu). Undantekning frá þessu var svokölluð „sjálfstæð búseta“ (þeir sem þurfa miðlungsþjónustu) þar sem þjónusta samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks kom til viðbótar almennri félagsþjónustu. Þetta fyrirkomulag hafði það í för með sér að ríki og sveitarfélög tókust gjarnan á um þjónustumagnið, oft til að losna alfarið við að bera kostnað af þjónustu við fatlað fólk.

## VIÐHORF NOTENDA

Fatlað fólk hefur margoft bent á að það að þjónustan við þann hóp sé eins sértæk og raun ber vitni sé til marks um aðgreiningu og stimplun þessa þjóðfélagshóps. Líta beri á félagslega þjónustu út frá þörfum hvers og eins en ekki einblína á hvernig þarfirnar eru tilkomnar. Í aðdraganda Evrópuárs fatlaðra 2003 söfnuðust 600 fatlaðir einstaklingar saman í Madrid og samþykktu ályktun þar sem þetta sjónarmið er ítrekað og hvatt til að hætt sé að líta á málefni fatlaðs fólks sem málefni tiltekinnar ráðuneyta eða stofnana innan stjórnsýslunnar. Fatlað fólk er hvatt til að berjast fyrir því að stefnumótun um málefni fatlaðs fólks verði hluti af allri almennri ákvarðanatöku í stjórnsýslunni. Jafnframt er það ítrekað að fötluðu fólki eigi að standa til boða öll þjónusta sem aðrir samborgarar eiga rétt á hvort sem það er á sviði heilbrigðis-, mennta-, atvinnu-, eða félagsþjónustu. Höfuðáherslu þurfi að leggja á að þjónusta við fatlað fólk verði samþætt innan ólíkra sviða og yfir þau (Friðrik Sigurðsson og Halldór Gunnarsson, 2003).

Landssamtökin Þroskahjálp ályktuðu og settu inn eftirfarandi klausu í stefnuskrá sína þegar árið 1992: „Samtökin telja að stefna beri að því á allra næstu árum að ábyrgð á þjónustu við fatlaða færast frá ríki til sveitarfélaga.“ Jafnframt að „treysta beri lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eins og frekast er unnt og efla eigi sveitarfélögin til að gera þau færari um að taka að sér aukin félagsleg verkefni“ (Landssamtökin Þroskahjálp, 1993, bls. 6). Allar götur síðan hafa samtökin barist fyrir því að skapa aðstæður til að af tilfærslunni geti orðið.

Önnur íslensk hagsmunasamtök fatlaðs fólks hafa haft mismunandi skoðanir og áhuga á þessum málum, en þess ber að geta að langstærsti hluti þeirra sem fengið hafa þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðs fólks er fólk með þroskahömlun eða einhverfu. Samkvæmt nýlegri könnun fengu t.d. aðeins um 11% öryrkja einhverja þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks (Guðrún Hannesdóttir, 2010) og samkvæmt nýlegri skýrslu voru um 60% af öllum þjónustuþegum þáverandi Svæðisskrifstofu Reykjavíkur fólk með þroskahömlun (Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík, 2010).

Í úttekt Félagsvísindastofnunar á stöðu þjónustunnar við flutning frá ríki til sveitarfélaga er einnig staðfest að meirihluti þeirra sem nutu þjónustu á landsvísu var fólk með þroskahömlun (Velferðarráðuneytið, 2011).

## ÁVINNINGUR AF FLUTNINGI Á SÉRTÆKRI FÉLAGSPJÓNUSTU TIL SVEITARFÉLAGA SAMKVÆMT LÖGUM UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Ávinningur af tilfærslunni er talinn vera m.a.:

1. Einn aðili sér um framkvæmd þjónustunnar, þ.e. sveitarfélögin.
2. Þjónustan er nærþjónusta eins og almennt gerist um félagsþjónustu.
3. Framkvæmd þjónustu (sveitarfélag) og eftirlit með henni (ríki) er aðskilið.
4. Fatlað fólk fær félagsþjónustu sína frá sömu aðilum og aðrir.

Þær breytingar sem urðu á hefðbundnum greinum laga um málefni fatlaðs fólks um síðustu áramót fólu m.a í sér ákvæði sem tengjast því að þjónusta við fatlað fólk færast á milli stjórnsýslustiga. Ekki er um að ræða heildarendurskoðun laganna, en gert er ráð fyrir að slíkri heildarendurskoðun verði lokið fyrir árið 2014. Í raun og veru var um fyrri áfanga í breytingaferli að ræða.

Í fjórtán ákvæðum til bráðabirgða í lögum er hins vegar að finna mörg ákvæði sem boða breytingar. Sum þessara atriða eru komin til framkvæmda að nokkru eða öllu leyti, önnur eru í burðarliðnum og verða komin til framkvæmda eigi síðar en 2014.

Nokkur þessara atriða eru tilkomin vegna kröfu þáverandi félagsmálanefndar Alþingis sem vann gott starf við vinnslu laganna. Eftirfarandi sex atriði eru helstu nýjungar laga-breytinganna um áramótin 2010–2011:

**Kæroréttur** Fatlað fólk hefur nú rétt til að skjóta málum um réttindi sín samkvæmt lögum um fatlað fólk til úrskurðarnefndar um félagsþjónustu. Úrskurðarnefnd þessi, sem kveður upp fullnaðarúrskurð á sviði stjórnsýslunnar, er skipuð þremur aðilum, einum frá sveitarfélögum, einum frá félagsmálaráðuneyti og formanni sem tilnefndur er af Hæstarétti.

**Samningur S.P. um réttindi fatlaðs fólks** Í fyrstu grein laganna er eftirfarandi ákvæði: „Við framkvæmd laga þessara skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*.“ Því má segja að þau viðmið sem samningurinn gefur hafi verið lögleidd. Rætt hefur verið um að lögleiða samninginn í heild.

**Ný lög um réttindagæslu** Samþykkt hafa verið ný lög um réttindagæslu með ákvæðum um réttindagæslumenn og persónulega talsmenn. Í lok mars 2012 var lagt fram frumvarp á Alþingi með ákvæðum um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk. Fullyrða má að þegar öll ákvæði nýrra laga um réttindagæslu verða komin til framkvæmda marki þau tímamót.

**Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)** Sérstakur starfshópur hefur unnið að innleiðingu NPA sem tilraunaverkefni og er gert ráð fyrir sérstöku framlagi til þróunar þess á næstu árum. Í ákvæði til bráðabirgða segir einnig: „Ennfremur skal ráðherra eigi síðar en í árslok 2014 leggja fram frumvarp til laga þar sem lagt verður til að lögfest verði að persónuleg notendastýrð aðstoð verði eitt meginform í þjónustu við fatlað fólk“ (Lög um málefni fatlaðs fólks, 1992, ákvæði til bráðabirgða, IV. gr.). Hér eru tekin af öll tvímæli um að lögfesta skuli þennan rétt sem eitt meginform þjónustunnar. Þess má geta að slík lögfesting hefur oft reynst þrautin þyngri hjá nágrannaþjóðum okkar, t.d. hefur ekki ennþá tekist að fá slíka lagasetningu í Noregi.

**Stefnumótun og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks** Unnin hefur verið þingsályktunartillaga um þetta efni sem velferðarráðherra lagði fram á Alþingi í janúar 2012. Í tillöggunni er að finna tímasettar aðgerðir um fjölmörg atriði.

**Atvinnumál fatlaðs fólks** Í lögum um málefni fatlaðs fólks með breytingum frá 2010 eru nú tekin af öll tvímæli um að atvinnumál fatlaðs fólks teljist til almennra atvinnamála og heyri undir Vinnumálastofnun.

Síðast en ekki síst tókst með yfirfærslunni að tryggja óbreytt fjármagn til þjónustu við fatlað fólk árið 2011 og aukið fjármagn árið 2012 en útlit var fyrir að ef ríkið hefði haldið áfram að annast þjónustuna hefði verið um töluverðan niðurskurð að ræða bæði árin (Innanríkisráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, 2011).

## FRAMTÍÐIN

Allar götur frá því að lögin um aðstoð við þroskahefta voru samþykkt árið 1979 má greina áhrif frá öðrum Norðurlöndum og hafa norræn áhrif síðan verið áberandi í íslenskri löggjöf um málefni fatlaðs fólks. Á öllum Norðurlöndunum er þjónusta við fatlað fólk á verksviði sveitarstjórnarstigs, þó með nokkuð mismunandi hætti. Þetta er allt frá því að slík þjónusta sé alfarið hluti af félagsþjónustu hvers sveitarfélags samkvæmt lögum um félagsþjónustu og til þess að sveitarfélög veiti þjónustuna samkvæmt sérlögum um þjónustu við fatlað fólk. Sú aðferð sem viðhöfð var við yfirfærsluna um áramótin 2011 er líkust því fyrirkomulagi sem hefur verið um langt árabíll í Svíþjóð.

Hérlendis hefur umræðan verið í þá veru að það fyrirkomulag að viðhalda sérlögum, þ.e. lögum um málefni fatlaðs fólks, sé til bráðabirgða og því sé ekki réttlætanlegt að gera á þeim nema lágmarksbreytingar og síðar verði ákvæði þeirra hluti af almennum félagsþjónustulögum. Umræður og aðvaranir síðustu misseri, m.a. frá virtum fræðimönnum eins og Norðmanninum Jan Tøssebro (Tøssebro, 2011) og Svíanum Karl Grunewald (Intervju með Karl Grunewald, 2011) hafa aftur á móti orðið til þess að rétt er talið að skoða kosti og galla þess fyrirkomulags.

Tøssebro (2011) hefur skoðað mismunandi þróun búsetuþjónustu í Noregi og Svíþjóð og komist að þeirri niðurstöðu að m.a. sökum þess að sveitarfélög í Noregi hafi ekki þær laga-skyldur sem LSS-lögin kveða á um í Svíþjóð hafi það gerst að norsk sveitarfélög hafi farið að endurbyggja stofnanaumhverfi og talið sig hafa til þess fullan rétt samkvæmt félagsþjónustulögum. Svíar hafa hins vegar viðhaldið sérlögum um þjónustu við mikið fatlað fólk (þ.e. LSS-lögum) sem eru réttindalög en sveitarfélög eru gerð ábyrg fyrir framkvæmd þeirra og ber að framfylgja ákvæðum um hvernig skuli byggja upp þá þjónustu. Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er á ábyrgð ríkisins. Almennt er talið að þjónusta við fólk með þroskahömlun í Svíþjóð sé með því besta sem gerist í heiminum.

Það væri ábyrgðarluti að taka ekki mark á þeim ábendingum sem fram eru settar af jafnreyndum og virtum aðilum. Þannig gæti verið skynsamlegt hér á landi að viðhalda sérlögum sem réttindalögum og fela sveitarfélögum landsins að veita þjónustu í samræmi við þau í hinu almenna félagsþjónustukerfi.

## BREYTT STARFSSVIÐ ÞROSKAÞJÁLFA, AUKIN ÁBYRGÐ?

Við þær breytingar sem nú hafa orðið breytist staða og starfssvið margra þroskaþjálfra frá því að vinna í sértæku kerfi fyrir fatlað fólk og í það að tilheyra almennri félagsþjónustu. Við slíkar breytingar er mikilvægt að sú þekking, gildi og viðhorf sem þroskaþjálfar hafa glatt ekki. Jafnframt er ástæða til að vara við að dregið verði úr kröfum um fagmenntun starfsmanna. Ný viðhorf og breyttar áherslur kalla þvert á móti á meiri kröfur um fagmennsku. Sú fagmennska er vissulega að hluta til af öðrum toga en áður var en ekki síður mikilvæg. Í þroskaþjálfanámi við Háskóla Íslands hefur hin síðari ár verið tekið mið af þessum breytingum og aukin áhersla lögð á mannréttindanálgu í starfi þroskaþjálfra. Á þeirri þekkingu eiga þroskaþjálfar að byggja starf sitt og aðrar starfsstéttir að ganga í þá smíðju til þroskaþjálfra.

Eitt af því sem Tøssebro (2011) hefur bent á að hafi tapast að einhverju leyti við þær breytingar sem gerðar voru í Noregi á tíunda áratug síðustu aldar er samstaða fagfólks með fötluðu fólki sem það vinnur við að aðstoða og að nú þyki mörgum meira um vert að standa með vinnuveitanda sínum og samstarfólki ef því er að skipta. Stétt þroskaþjálfra á Íslandi hefur löngum tekið virkan þátt í baráttu fólks með þroskahömlun fyrir réttindum sínum. Það viðhorf og sú réttindagæsla er ennþá mikilvægari nú en áður. Þar búa þroskaþjálfar að siðareglum og starfskenningum sínum um að þeir beiti fagþekkingu sinni í því skyni að bæta lífsskilyrði og lífsgæði fatlaðs fólks og standi ávallt vörð um réttindi þess (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.a, e.d.b).

Af framansögðu má sjá að þær breytingar sem urðu á þjónustu við fatlað fólk um áramótin 2010–2011 snerta fyrst og fremst fólk með þroskahömlun. Breytingarnar eiga sér langa sögu og þróun sem rekja má að minnsta kosti 30 ár aftur í tímann og eiga sér rætur bæði í hugmyndafræði og stjórnsýslu. Þó að litlar breytingar hafi orðið á innihaldi eða hugmyndafræði þjónustunnar um áramótin 2011 náðust við þær lagabreytingar mikilvægir áfangar til framtíðar. Fyrirliggjandi er að á árinu 2014 þarf að hafa náðst sátt um hvernig málum skuli skipað til lengri tíma. Álitamál er hvernig tryggt sé með sem bestum hætti að innihald og skipulag þjónustunnar batni, m.a þarf þar að líta til reynslu þeirra þjóða sem við berum okkur helst saman við. Í breytingaferlinu er nauðsynlegt að standa vörð um fagmennsku og gildismat þroskaþjálfara.

## HEIMILDIR

- Félagsmálaráðuneytið. (2007). *Frétt: Formlegar viðræður ríkis og sveitarfélaga um verkefnaflutning*. Sótt 10. febrúar 2011 af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3096>.
- Félagsmálaráðuneytið. (2009). *Frétt: Mikilvægt skref stigið í málefnum fatlaðra*. Sótt 10. febrúar 2012 af <http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni-fatladra/frettir/nr/4296>.
- Fríðrik Sigurðsson og Halldór Gunnarsson. (2003). Madrid-yfirlýsingin. *Tímaritið Þroskahjálp*, 25(2-3), 45–49.
- Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. (1999–2000). Sótt 10. febrúar 2012 af <http://www.althingi.is/altext/125/s/0681.html>.
- Guðrún Hannesdóttir. (2010). *Lífskjör og hagir öryrkja: Könnun meðal örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega: Skýrsla fyrir Öryrkjabandalag Íslands*. Reykjavík: Öryrkjabandalag Íslands og Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands.
- Innanríkisráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. (2011). *Flutningur á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga: Stöðuskýrsla máí 2011*. Sótt 17. febrúar 2012 af <http://www.jofnunarsojodur.is/media/JS2011/Stoduskysrsla-mai-2011.pdf>.
- Intervju með Karl Grunewald. (2011). *Samfunn for alle*, 4, 6–9.
- Lag om stöd och service til vissa functionshindrade (LSS) nr. 387/1993*.
- Landssamtökin Þroskahjálpar. (1978). *Lög Landssamtakanna Þroskahjálpar. Þroskahjálpar*, 1, 82.
- Landssamtökin Þroskahjálpar. (1993). *Stefnuskrá Landssamtakanna Þroskahjálpar*. Reykjavík: Höfundur.
- Lög um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979*.
- Lög um fávítahæli nr. 18/1936*.
- Lög um fávítastofnanir nr. 53/1967*.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991*.
- Lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983*.
- Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með áorðnum breytingum 127/1993, 148/1994, 140/1996, 161/1996, 130/1997, 156/1998, 52/1999, 174/2000, 93/2002, 95/2002, 83/2003, 152/2010, 160/2010, 162/2010, 88/2011, 26/2011, 78/2011*.
- Lög um reynslusveitarfélög nr. 82/1994*.

- Margrét Margeirsdóttir. (2001). *Fötlan og samfélag: Um þróun í málefnum fatlaðra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík. (2010). *Þjónusta við fatlaða í Reykjavík, Skýrsla SSR um þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992*. Óbirt skýrsla.
- Tøssebro, J. (2011). *Disability services in decentralised welfare system – experiences from the Nordic countries*. Erindi flutt á ráðstefnu á Grand Hotel í Reykjavík. Sótt 17. febrúar 2012 af <http://www.yourhost.is/images/stories/welfare2011/reykjavik%20august%202011%202.pdf>.
- Velferðarráðuneytið. (2011). *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga*. Sótt 17. febrúar 2012 af <http://www.velferðarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel/nr/32997>.
- Þroskaþjálfafélag Íslands. (e.d.a). *Síðareglur þroskaþjálfara*. Sótt 17. febrúar 2012 af <http://www.throska.is/?c=webpage&id=42>.
- Þroskaþjálfafélag Íslands. (e.d.b). *Starfskenning þroskaþjálfara*. Sótt 17. febrúar 2012 af <http://www.throska.is/?c=webpage&id=63>.

## UM HÖFUNDINN

*Friðrik Sigurðsson* ([fridrik@throskahjalp.is](mailto:fridrik@throskahjalp.is)) er framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskaþjálfara og hefur gegnt þeirri stöðu frá 1994. Hann útskrifaðist frá Þroskaþjálfaskóla Íslands árið 1978 en hefur unnið að málefnum fatlaðs fólks frá árinu 1973. Friðrik lauk diplómunámi í þroskaþjálfarafræðum frá framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands árið 2004. Hann hefur jafnframt verið stundakennari við Þroskaþjálfabraut Kennaraháskólans og síðar Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um árabíl og setið í mörgum nefndum og ráðum sem fjallað hafa um málefni fatlaðs fólks. Friðrik hefur haldið fjölda erinda bæði héraendis og annars staðar á Norðurlöndum um málefni fólks með þroskahömlun og skrifað greinar í bækur, blöð og tímarit um þau mál.